



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Sprettis 27. ágúst 2024, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Sprettis

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmsdóttir, Haraldur Pétursson, Katla Gísladóttir, Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson, Sigurbjörn Eiríksson

Fjarverandi: Hermann Vilmundarson (veikindi)

1. Reiðveganefnd (50 mín)

Reiðveganefnd, Jón og Halldór mættu til að segja okkur frá starfi reiðveganefndarinnar. Halldór tók til máls og nefndi að yfirleitt hafi verið einn tengiliður frá stjórn. Frá 1990 hafa hestamenn á höfuðborgarsvæðinu haft með sér samstarf sem heitir „Kjalarnesþing hið forna“. Halldór er í nefndinni frá Spretti og annar af tveimur prókúruhöfum, einn frá hverju hestamannafélagi eru í nefndinni. Þessi nefnd skipar nefndarmann í reiðvegnefnd LH og fundar sú nefnd árlega með Vegagerðinni til að fara yfir stöðuna í verkefnum. Reiðveganefnd úthlutar fé og reynt hefur verið að fá bæjarfélögin til að jafna þá upphæð. Umsóknir fara fram í mars, gert í gegnum kortasjá. Ýtarleg umsókn með upplýsingum um úthlutanir síðasta árs og áætlanir fyrir næstu ár.

Það sem er á dagskrá í dag nýja leiðin um Vífilstaðahlíð og ný leið fyrir ofan Guðmundarlund niður að Elliðavatni. Garðabær er að taka af okkur um 6 km af reiðvegum og láta okkur fá 2 km í staðinn. Rétt að minna Garðabæ á Kirkjugarðshringinn og Kópavogsbæ á leiðina fyrir ofan Guðmundarlund.

Allt starf nefndarinnar er unnið í sjálfböðavinnu.

2. Vefsíðumál

Jónína fær heimild stjórnar til að tala við Bertu Waagfjörð um næstu skref í vefsíðugerð. Nýja vefsíðan þarf að vera með verkbeiðnakerfi. Samþykkt að Davíð taki yfir DNS.

3. Fundur með bæjarstjórum

Ekki kominn með tíma fyrir fundinn með bæjarstjórunum en fundurinn verður vonandi í september.

4. Landsþing

Rætt um mögulega þátttakendur á landsþinginu sem verður síðustu helgina í október. Formenn nefnda, stjórnin og þeir sem áður hafa farið. Sprettur þarf að vera virkur á þinginu og finna félagsmenn sem eru tilbúnir í að bjóða sig fram í stjórn/nefndir LH. Katla heyrir í óformlegri „keppnisnefnd“ um mögulegar tillögur.

5. Aðgangur að öryggiskerfum

Tilaga frá Davíð samþykkt.

6. Gjald í reiðhallir

Þörf er á að hækka gjaldið í reiðhallirnar. Yfirþjálfari óskar eftir því að áfram verði ókeypis fyrir námskeið fyrir æskulýðsstarfið. Rætt um fyrirkomulag námskeiða til að tryggja að

félagsmenn verði í forgangi, fyllist námskeið verður settur upp biðlisti sem yfirþjálfari fer yfir og raðar endanlega á námskeiðin.

7. **Rafmagnsmál á vellinum**

Engar framkvæmdir fyrirhugaðar í haust annað en nauðsynlegt viðhald.

8. **Framkvæmdir á Landsenda**

Framkvæmdiur á vegum Kópavogsbæjar með talsverðu raski og umferð, lítið sem Sprettur getur gert í því. Framkvæmdastjóri var upplýstur um að þessi framkvæmd var yfirvofandi og hvar höfð með í ráðum tengt lokunum skv Kópavogsbæ.

9. **Taðkarapjónusta**

Hafþór hættir um mánaðarmótin. Haraldur leysir af í september. Eins og rætt hefur verið áður þarf að búa til viðskiptaáætlun ef þessari þjónustu verður haldið áfram.

10. **Félagshesthús 2024-2025**

Samningur og húsreglur, Jónína, Davíð, Dís og Jóna funda um málið.

11. **Rúlluplanið**

Davíð tekur að sér umsjón með rúlluplaninu, þ.e. hver er hvar og með hvað mikið pláss.

12. **Uppskeruhátíð Landsmóts og árshátíð**

Taka stöðunni á skemmtinefnd og athuga með að fá hana í að skipulagningu. Þetta verður unnið í samvinnu við Fák.

13. **Hallarlyklar**

Rætt um mögulegar útfærslur á reiðhallarlyklum. T.d. eiga svokallaðir Atvinnumanna- og Fjölskyldulyklar að vera áfram, eiga bara 3, 6 og 12 mánaða tímabil að vera í boði. Hvaða tímar dagsins verður opið fyrir mismunandi lykla.

14. **Önnur mál**

Reglur fyrir beitarhólf ræddar, þarf að fara yfir og birta.

Fundi slitið kl. 21:00

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson